



Starfslýsing stýrihóps um ábyrga viðskiptahætti

1. Hlutverk stýrihópsins

Stýrihópnum er ætlað að vera vettvangur samtals og samráðs um framkvæmd, beitingu og kynningu þeirra viðmiðunarreglna sem settar hafa verið af Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki um ábyrga viðskiptahætti.

Hlutverk stýrihópsins er m.a. að:

- Veita faglega og stefnumótandi ráðgjöf til íslenska tengiliðsins (National Contact Point – NCP OECD).
- Stuðla að aukinni vitund og umræðu um viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki með kynningar- og fræðslustarfi til hagaðila.
- Móta árlega kynningaráætlun og leggja til efni í ársskýrslu Íslands til OECD um starfsemi tengiliðs.
- Undirbúa og gefa umsagnir um verklagsreglur um málsmeðferð á ábendingum sem berast tengiliðs.
- Vera tengiliður milli íslensks tengiliðs og hagaðila á Íslandi um fræðslu, upplýsingamiðlun og umfjöllun um alþjóðlega þróun á sviði ábyrgra viðskiptahátta.

2. Skipan stýrihópsins

Stýrihópurinn skal samanstanda af sjö til tíu aðilum, fulltrúum eftirfarandi hagaðila:

- Fulltrúum opinberra stjórnvalda (t.d. forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti)
- Fulltrúa samtaka atvinnulífs
- Fulltrúa vinnumarkaðarins
- Fulltrúa frjálsra félagasamtaka
- Fulltrúa fræðasamfélagsins

Ráðherra sem fer með málefni viðskipta skipar hópinn til fjögurra ára í senn, mögulegt er að endurnýja skipun. Formaður stýrihópsins skal skipaður af viðskiptaráðherra.

Starfsmaður ráðuneytisins sem sér um innsend kvörtunarmál til íslenska tengiliðsins starfar með stýrihópnum og er tengiliður við ráðuneytið.

3. Starfsreglur og fundatíðni

- Stýrihópurinn skal halda fundi reglulega, a.m.k. á fjórum sinnum á ári, auk auka funda ef þörf krefur.
- Fundargerð skal rita á hverjum fundi og vera gerð aðgengileg innan stjórnkerfisins.
- Hlutverk stýrihópsins er ráðgefandi og skal hann leitast við samstöðu í ákvörðunum.
- Fundir skulu boðaðir af formanni, í samráði við tengilið NCP, sem sendir út fundarskrá fyrir fundi og stýrir fundum.

- Meðlimir stýrihópsins skulu tilkynna formanni ef fyrir liggur hagsmunaárekstur eða aðstæður sem geta skapað vafa um hlutleysi þeirra í tilteknum málum. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi víkja af fundi eða taka ekki þátt í umfjöllun eða ákvörðun um viðkomandi mál. Skrá skal í fundargerð þegar slík tilfelli koma upp.

4. Tengsl við alþjóðleg viðmið

Stýrihópurinn starfar í samræmi við Viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki um ábyrga viðskiptahætti (OECD Guidelines for Multinational Enterprises on Responsible Business Conduct) og verkferla National Contact Points eins og þeir eru skilgreindir á:

- <https://mneguidelines.oecd.org/ncps/>
- <https://www.government.is/topics/business-and-industry/business/>
- <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/almenn-vidskiptamal>

Viðmiðunarreglurnar fjalla m.a. um: mannréttindi, vinnumarkað, umhverfi, spillingu, neytendavernd og gagnsæi. Hlutverk stýrihópsins er að tryggja þverfaglegt samráð um öll þessi svið og styðja við framfylgd þeirra á Íslandi.

Verklagsreglurnar voru samþykktar á fundi stýrihóps um ábyrga viðskiptahætti 28. ágúst árið 2025.